

Raforkumálastjóri  
Vatnamælingar

Skilagrein 181

H E S T V A T N

-Botnraðnsókn-

Reykjavík, 30. nóv. 1959.  
S.Rist.

H E S T V A T N

## Botnrannsókn

Dagana 19. til 25. nóvember 1959 gerðu vatnamælingar botnrannsóknir í Hestvatni, norðan við það og sunnan, eins og meðfylgjandi teikning sýnir. Hjá Vatnsnesbanum er fast merki, FMV 3. Það er sem næst því í haðinni 51,5 m y.s. Þegar vatnið var dýptarmælt, var vatnsborðið 201,5 - 203,2 cm undir þessu merki, þ.e.a.s. vatnsborðið var sem næst í haðinni 49,5 m y.s. Botnrannsóknin var gerð við 10 cm laugri vatnsstöðu. Könnun botnsins var einvöröungu í því fólgin að finna hve langt er niður á klöpp. Notaður var rösklega 6 m langur nafar og bor til að taka sýnishorn. Kannað var með hinum 6 m langa nafar og þegar engin klöpp fannst, gefur teikningin til kynna, að hað klappar y.s. sé minni en haðartalan, sem stendur á teikningunni, en þangað niður var kannað.

1. Hestvatn, Bæjarvík

Í Bæjarvíkinni fannst hvergi klöpp. Það er kísilblandin leirleðja í botni. Sýnishorn hafa verið afhent Tómasi Tryggvasoni. Kannað var niður í kvóta 43 og á einum stað niður í 41 m y.s., sjá teikningu.

2. Slauka

Nálægt grjótveginum er vatnsdýpi innan við 1 metra, en norðan við hann, þegar komið er um 200 metra frá honum, tekur Slauka að dýpka og er úr því 3 ja til 4 ja metra djúp, þar til komið er að Maurholtstanga, þar er grynnra og möl í botni, sem Hvítá hefur sennilega kastað inn í Slauku í stórfloðum. Í Hvítá, úti fyrir Slauku, eru viðáttumiklar sandleirur. Nafar gekk greiðlega niður að kvóta 43, að undanskildum bletti 150 m norðan við grjótveginn. Þar nær klöppin úr holtinu út í Slauku og er þar í haðinni 43,5 m y.s.

### 3. Línan milli Stakholts og Vaðholts

Stakholt er hringmyndaður, gróinn klapparhóll. Vaðholtið er gróinn klapparhryggur. Aðalstefnan er SA-NV, eins og sjá má á teikningunni. Klöppin frá Vaðholtinu er ekki sokkin dýpra niður en í kvóta 46,6 í skurðinum norðan við Vaðholtið, sjá teikninguna. Þar er landið sem næst í hæðinni 51 m y.s. Á línum milli holtanna, fannst klöpp í eystri skurðinum. Klöppin er þar í hæðinni 44,6 - 44,8 og landið er þar 51 m y.s. Á milli holtanna er myrrarsund, hæð landsins 54,7 m og klöppin í kvóta 52,4 m.

### 4. Suez-skurður

Í skilagrein nr. 176 er skurðinum lýst og skal það ekki endurtekið hér. Þar sem Hestvatn og skurðurinn mætast, er klöpp í kvóta 43,9. Svo lækkar klöppin á næstu 200 metrum niður með skurðinum og rýs hæst í kvóta 48,5, en tekur svo að lækka neðan við brúna og er í kvóta 42,8, þegar komið er 450 m frá vatninu, en hennar varð ekki vart eftir það. Klöppin er úr sandsteini, sbr. sýnishornin. Landið meðfram skurðinum efst er í hæðinni 50-51 m og lækkar jafnt og þétt niður að Hvítá og mun þar vera nálægt 49-50 m y.s., nánar um það frá landmælingunum. Út frá skurðinum stóra hjá brunni er klöppin hærri, sbr. mælingar í hliðarskurðum, sjá teikningu. Ofan á sandsteinsklöppinni er myrarjarðvegur með rotnandi jurtaleifum, en þegar komið er það langt frá Hestvatni, að klöppinni sleppir, p.e.a.s. með þessum áhöldum, sem notuð voru, kemur í ljós samanþjappaður finn sandur og hefst hann í hæðinni 44,5 m og svo langt niður sem kannað varð.

### 5. Vatnsbotn

Sökum stöðugra ógæfta var tafsamt að kanna Vatnsbotninn. Windstefnan var stöðugt norðan og norðaustan svo að brimasamt var á víkinni. Nóvembermánuður er ekki vel fallim til botn-rannsókna í stöðuvötnum. Móbergsklapparveggur er við Vatnsbotn að vestan. Úti fyrir klettinum er nokkurt hrún, sem liggur

þar ofan á samilega sléttri móbergsklöpp, en þegar komið er 50 m út í vatnið, er klöppin viðast hvar nálagt 5 m undir vatnsborði og á stöku stað var lengra niður á hana. Þetta var mjög erfitt að kanna eins og súr er sagt vegna öldugangs. Inn eftir miðri víkinni, allt frá Kriutanga, fannst hvergi klöpp, svo að hún er örugglega neðan við kvóta 43. Í flæðarmálínu, 50 m austan við nefndan móbergs-klapparvegg, var klapparsvörum í kvóta 44,5 og 75 m austan við klettinn í kvóta 44. Ströndin sunnan við Vatnsbotn er úr móbergssandi, aldán hefur flutt hann þangað og fyllt upp þríhyrningsmyndaðan geira, sjá flugmynd.

#### 6. Hestvatn, Kiðjaberg

Hjá landmælingum er í smíðum kort af svæðinu sunnan við Hestvatn, p.e.a.s. frá Vatnsbotni og suður að Hvítá. Nyrzt á þessu svæði, p.e.a.s. við Vatnsbotninn, er móbergs-sandur, eins og getið er um undir líð 5. Hér á eftir vísa ég til landabréfsins, sem verður fullbúið innan fárra daga. Hall T-11 er í hæðinni 57,31, 36 m norðan við T-11, p.e.a.s. í beinni línu T-11 - Hestvatn, nær klöppin upp til yfirborðsins, eða er sem næst í kvóta 53,5. Í lægðinni austan við T-11, hornrétt við nefndu stefnu, er klöppin í kvóta 54,5. Hall T-12 er í Pursabergshól og er í hæðinni 60,55 þ í myrinni austan og sunnan við T-12 er klöppin í hæðinni 55 - 56 m y.s. Hall T-13 er á Biskupsgarði og er í hæðinni 58,73 m. Þar er klöppin í hæðinni 56 og er það á tölувert stóru svæði í kringum T-13 eða allt norður að T-12. Sunnan við T-13 tekur landið að lækka. Frekari könnun taldi ég óparfa á þessu stigi málsins. Það er ljóst, að klöppin nær þarna 7 m upp fyrir vatnsborð Hestvatns. Klöppin er Pursabergsklöpp, er lin. Á stöku stað má í jarðveginum ofan á klöppinni finna hnelfastóra steina, sem gefa til kynna, að klöppin hefur veðrazt og steinarnir orðið eftir.

Reykjavík, 30. nóvember 1959,